

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/142/EB

2009/EES/71/18

frá 22. desember 2006

um breytingu á skránni í III. viðauka a við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB yfir innihaldsefni sem skylt er að tilgreina í merkingu matvæla (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ⁽¹⁾, einkum þriðju málsgrein í 11. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 6. desember 2005 og 15. febrúar 2006,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB er skrá yfir innihaldsefni sem skylt er að tilgreina í merkingu matvæla þar eð líklegt er að þau valdi aukaverkunum hjá smitnæmum einstaklingum.
- 2) Í fyrstu málsgrein í 11. mgr. 6. gr. fyrrnefndrar tilskipunar er mælt fyrir um að skráin í III. viðauka a skuli endurskoðuð kerfisbundið og uppfærð, ef nauðsyn krefur, á grundvelli nýjustu vísindabekkingar.
- 3) Innan ramma þessarar endurskoðunar hefur framkvæmdastjórnin farið fram á að Matvælaöryggisstofnun Evrópu láti í ljós álit sitt á hugsanlegri skráningu ýmissa annarra afurða í III. viðauka a.
- 4) Varðandi úlfabaunir lýsti Matvælaöryggisstofnunin því yfir í álitu sínu frá 6. desember 2005 að þessarar belgjurtar, en af henni eru til 450 tegundir, hafi lengi verið neytt eins og hún kemur fyrir en að úlfabaunamjoli hafi verið blandað í hveitimjöl í nokkur ár við framleiðslu brauðvara. Skráð hafa verið tilvik þar sem um bein ofnæmisviðbrögð hefur verið að ræða, sum alvarleg, og rannsóknir sýna að umtalsverð hætta er á víxlofnæmi fyrir úlfabaunum hjá 30-60% þeirra sem eru með ofnæmi fyrir jarðhnetum.

5) Um lindýr (snigla, samlokur eða smokkfiska) segir Matvælaöryggisstofnunin í álitu sínu frá 15. febrúar 2006 að þeirra sé oftast neytt eins og þau koma fyrir en þau séu einnig notuð sem innihaldsefni, eftir hugsanlega vinnslu, við ýmis konar tilreiðslu og í vörur á borð við súrími. Ofnæmisviðbrögð, sem geta verið alvarleg, koma fram hjá allt að 0,4% íbúa, þ.e. 20% allra ofnæmisviðbragða við fiskmeti. Helsta ofnæmisvaldandi prótínið í lindýrum er trópómíósín, það sama og í krabbadýrum, og tilvik víxlofnæmis fyrir lindýrum og krabbadýrum eru algeng.

6) Á grundvelli þessara athugana má draga þá ályktun að nauðsynlegt sé að bæta úlfabaunum og lindýrum við skrána í III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi innihaldsefnum skal bætt við í III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB:

„Úlfabaunir og afurðir úr þeim

Lindýr og afurðir úr þeim.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu heimila sölu matvæla frá 23. desember 2007 sem samrýmast þessari tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu banna sölu matvæla frá 23. desember 2008 sem samrýmast ekki þessari tilskipun. Sala matvæla, sem samrýmast ekki þessari tilskipun og sem hafa verið merkt fyrir þennan dag, skal heimil á meðan birgðir endast.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 110. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 21.2.2008, p. 16.

(¹) Stjútíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/89/EB (Stjútíð. ESB L 308, 25.11.2003, bls. 15).

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 23. desember 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.
